



**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** ÍÞ

### **Námsefni:**

Lyfjafræði 103 eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur.

Sérlyfjaskráin á netinu.

### **Lýsing**

Í áfanganum er farið í lyfjaskrár, ATC-flokkunarkerfi lyfja, geymslu og fyrningu lyfja, lyfjaform og ýmsar skilgreiningar sem tengjast lyfjum. Farið er í helstu lyf sem notuð eru við hjarta- og æðsjúkdómum, geðsjúkdómum, stoðkerfissjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum, húðsjúkdómum og sykursýki. Eins er minnst á sýklalyf, meltingarfæralyf og lyf við Alzheimer sjúkdómi. Fjallað er um lyf og lyfjaflokka, verkun lyfjanna, aukaverkanir, milliverkanir o.fl.

### **Forkröfur**

LÍOL2IL05 og SJÚK2GH05 æskilegir undanfarar

### **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu sérlyfjaskrár
- ATC-flokkunarkerfi lyfja
- ýmsum algengum skilgreiningum sem tengjast lyfjum
- hugtökum sem notuð eru varðandi frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja
- helstu lyfjaformum, kostum þeirra og göllum
- áhrifum hjarta- og æðasjúkdómalyfja, geðlyfja, verkjalyfja, öndunarfæralyfja, húðlyfja og sykursýkislyfja
- helstu flokkum og áhrifum sýklalyfja, meltingarfæralyfja og lyfja við Alzheimer sjúkdómi
- helstu auka- og milliverkunum ofangreindra lyfja
- blóðþéttnikúrfum.

### **Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita að upplýsingum um lyf á netinu
- flokka sérlyf eftir ATC-flokkunarkerfinu
- reikna út helmingunartíma lyfja
- aðstoða skjólstæðinga við notkun á ýmsum lyfjaformum, þar sem við á.

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla algengum upplýsingum um ofangreind lyf til skjólstæðinga þar sem við á
- átta sig á tengslum aukaverkana lyfja við verkun þeirra
- sýna skilning á verkun ofangreindra lyfja með tilliti til verkunarmáta þeirra.

### Sérreglur áfangans:

**Nemandi þarf að vera með skólasókn samkvæmt skólareglum. Taka þrjár kannanir og vera virkur í tímum til að ná þessum áfanga. Þarf að ná öllum þrem könnunum, til að ná áfanganum.**

Námsmat	Lýsing	Vægi
Hlutapróf	3 hlutapróf á önninni	60%
Verkefni/virkni	Mæting og virkni í tímum	20%
Spurningavinna og verkefnavinna		20%

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

.

Vikur/dags.	Hugtök og efnisþættir	Lesefni
5-12.01	Kynning á námsefni. Lyfjanöfn, Lyfjaskrá, skilgreiningar o.s.fr.	1. kafli
2. vika 12.-18.1	Lyfjagjöf og lyfjaform.	2. kafli
3. vika 19.-25.1	Lyfjahvörf, frásogsstaðir, skömmtun lyfja. <b>Kaflapróf úr köflum 1,2 og 3</b>	3. kafli
4. vika 26- 01.02	Maga- og þarmalyf	4. kafli
5. vika 02 -08. 02	Maga- og þarmalyf	4. kafli
6. vika 09.2-15.2	Verkjalyf <b>Kaflapróf úr köflum 4,5 og 6</b>	5. kafli
7. vika 16.2-22.2	Öndunarfæralyf	6. kafli
8. vika 23.2-01.3		
9. vika 02.3.-08.3	Húðlyf	7. kafli
10. vika 9.3.-15.3	Tauga- og Geðlyf	8. kafli
11 vika 16.3-17.3	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	9. kafli

12. vika 18.3-22.3	Verknám á deild	
13.vika 23.3-29.3	Verknám á deild	
14. vika 30.3-5.4	Verknám á deild	
15.vika 19,4-26.4	Páskafri	
16. vika 19.4.-26.4	Sykursýkislyf	10. kafli
17. vika 27.4.-03.5	Upprifjun Könnun úr köflum 7,8, 9 og 10	

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**